

## **19. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 17. janúar 2011, kl. 16:00.**

**Varaformaður bæjarráðs, Zophonías Ari Lárusson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Þriggja ára áætlun**
  - 2. Málefni SSNV**
  - 3. Fundargerðir:**
    - a) Bs. um menningar og atvinnumál frá 18. nóvember 2010**
    - b) Bs. um menningar og atvinnumál frá 25. nóvember 2010**
    - c) Brunavarnir A-Hún frá 10. nóvember 2010**
    - d) Brunavarnir A-Hún frá 22. desember 2010**
  - 4. Íbúðamál**
  - 5. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 3. janúar 2011**
  - 6. Bréf frá Velferðarráðuneytinu frá 3. janúar 2011**
  - 7. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 30. desember 2010**
  - 8. Byggðakvóti**
  - 9. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

#### **1. Þriggja ára áætlun**

*Framkvæmdastjóri fór yfir þriggja ára áætlun.*

*Bæjarráð samþykkti að vísa þriggja ára áætlun til síðari umræðu í bæjarstjórn.*

#### **2. Málefni SSNV**

*Framkvæmdastjóri SSNV mætti á fundinn og gerði grein fyrir starfsáætlun SSNV atvinnuþróun fyrir árið 2011. Jafnframt fór framkvæmdastjóri yfir yfirfærslu á málefnum fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.*

*Bæjarstjóri lagði fram þjónustusamning þar sem sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbæjar, Bæjarhrepps, Dalvíkurbyggðar, Fjallabyggðar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Skagastrandar gera með sér samning um þjónustu við fatlaða á starfsvæði byggðasamlags um málefni fatlaðra. Í samningnum sem gildir til 1. janúar 2014*

er fjallað um helstu atriði sem varða þjónustuna. Bæjarráð ræddi samninginn og samþykkti hann fyrir sitt leyti og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

### **3. Fundargerðir:**

#### **a) Bs. um menningar og atvinnumál frá 18. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar*

#### **b) Bs. um menningar og atvinnumál frá 25. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar*

#### **c) Brunavarnir A-Hún frá 10. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar*

#### **d) Brunavarnir A-Hún frá 22. desember 2010**

*Lögð fram til kynningar*

### **4. Íbúðamál**

*Bæjarstjóri lagði fram biðlista eftir leiguíbúðum í eigu Blönduósbæjar. Umræður urðu um málið.*

### **5. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 3. janúar 2011**

*Skipulagsstofnun hefur sent til staðfestingar umhverfissráðherra Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030. Skipulagsstofnun mælir með að Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-20130 verði staðfest með þeim fyrirvara að ekki verði heimilaðar framkvæmdir sem geti hindrað áform Vegagerðarinnar og að Blönduósbær og Vegagerðin hefji samráðsferli þar sem leitað verður leiða til að finna framtíðarlausn á legu Hringvegur í Austur-Húnavatnssýslu.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir fundi með umhverfissráðherra.*

### **6. Bréf frá Velferðarráðuneytinu frá 3. janúar 2011**

*Velferðarráðherra beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær tryggi að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði.*

*Lagt fram til kynningar og bæjarráð vísar erindinu til Bs. um félags-og skólaþjónustu.*

### **7. Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 30. desember 2010**

*Alþingi samþykkti í september sl. breytingar á lögum nr. 73/1969 um stjórnarráð Íslands sem fela í sér þá breytingu að sett verði á stofn innanríkisráðuneyti sem samruna dómsmála-og mannréttindaráðuneytis annars*

vegar og samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis hins vegar. Tekur hið nýja ráðuneyti til starfa 1. janúar 2011.

Lagt fram til kynningar.

## **8. Byggðakvóti**

Bæjarráð hefur fundað með hagsmunaaðilum þar sem málefni byggðakvóta Blönduósbæjar voru rædd.

Bæjarráð samþykkti að úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2010/2011 skuli vera með eftirfarandi hætti:

**Reglugerð nr. 999/2010 gildir um úthlutun byggðakvóta fyrir Blönduós með eftirfarandi breytingum:**

**„Skipta skal úthlutuðum byggðakvóta með þeim hætti að 60% skiptist jafnt á milli þeirra umsækjenda sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 40% af úthlutuðum byggðakvóta skal skipt milli sömu umsækjenda samkvæmt ákvæði 4. gr. Þó er gerð sú breyting á 6 línu 1. mgr. 4. gr. að „innan viðkomandi byggðarlags“ fellur út. Miðað skal við landaðan afla.**

## **9. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:40

Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)  
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)